

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I. II og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágs ársnýtingartíma, getur Rafveita Vestmannaeyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. 25% sölugjald, ásamt 16% verðjöfnunargjaldi til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 12 8. janúar 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 10. janúar 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

SAMÞYKKT

**um breyting á gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandssvæði
nr. 236/1985.**

1. gr.

Eftirlitsgjöld samkvæmt 5. gr. gjaldskrár nr. 236/1985 verða sem hér segir fyrir árið 1986:

Flokkur I	kr. 5 000
Flokkur II	kr. 10 000
Flokkur III	kr. 19 000
Flokkur IV	kr. 32 000

2. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórna á heilbrigðiseftirlitssvæði Vesturlands staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. janúar 1986.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.